

Umsögn um frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi

Fyrir samgöngunefnd Alþingis liggur nú frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi. Samkvæmt frumvarpinu er ekkert gert til að bæta atvinnufrelsi ökuleiðsögumanna sem samkvæmt núgildandi lögum mega aðeins leiðsegja ferðamönnum á rútum og jeppum fyrir níu farþega eða fleiri nema um breytta jeppa sé að ræða. Það er hinsvegar brýnt að þessu verði breytt og opnað fyrir það að leiðsögumenn geti leiðsagt á bílum fyrir átta farþega eða færri. Áriðandi er að taka inn klausu sem veitir leiðsögumönnum með öðrum orðum sama frelsi og öðrum stéttum þessa lands til að velja sér atvinnutæki og bæta þar með möguleika þeirra til að inna starf sitt af hendi með sómasamlegum hætti.

Í frumvarpi fyrir tveimur árum var klausa um að taka upp svokallað ferðþjónustuleyfi. Með því hefði verið opnað fyrir frelsi leiðsögumanna til að leiðsegja á óbreyttum bílum fyrir átta farþega eða færri. Þetta frumvarp náði aldrei í gegnum þingið en nú er lag í nýju frumvarpi. Ég skora því á umhverfis- og samgöngunefnd alþingis að nota tækifærið og taka inn í frumvarpið klausuna um ferðþjónustuleyfi (sjá hér að neðan, feitletrun mín) þannig að ökuleiðsögumenn fái frelsi til að velja það ökutæki sem þeim hentar best. Það er hagsmunamál allrar ferðþjónustunnar.

10. gr. Ferðþjónustuleyfi.

Samgöngustofu er heimilt að veita sérstakt leyfi til farþegaflutninga við ferðþjónustu. Auk þeirra skilyrða sem fram koma í þessari grein skal leyfið bundið sömu skilyrðum og almennt rekstrarleyfi skv. 12. gr. Skilyrði ferðþjónustuleyfis er að það sé notað í tengslum við ferðþjónustu og skal umsækjandi hafa annaðhvort rekstrarleyfi sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa. Þjónustan skal veitt samkvæmt fyrir fram umsömdu gjaldi, eigi skemur en sem hálf dagsferð eða sem hluti af annarri viðurkenndri ferðþjónustu, þ.m.t. flutningur farþega til og frá sérhæfðri afþreyingu sem er hluti af ferðþjónustu. Ökutæki ferðþjónustuleyfishafa skulu vera merkt rekstraraðila. Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu ferðþjónustuleyfis, um eiginleika ökutækja, sérstakar merkingar og önnur nauðsynleg atriði. **Ökutæki sem notuð eru í farþegaflutningum á grundvelli ferðþjónustuleyfis verða þó ekki bundin skilyrðum hvað varðar stærð með tilliti til fjölda farþega.**

Hafnarfirði, 13. mars 2017.

Guðrún Helga Sigurðardóttir,

blaðamaður og ökuleiðsögumaður,

Sími 891 7074.